

Bláskógbabyggð
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 15. janúar 2024
UST202312-154/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015 - 2027 - Frístundabyggð, verslun- og þjónustu og iðnaðarsvæði á Bryggju

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógbabyggðar er barst 15. desember sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógbabyggðar 2015 - 2027 fyrir frístundabyggð, verslun- og þjónustu og iðnaðarsvæði á Bryggju.

Í greinargerð kemur fram að um 30 ha af jörðinni Bryggju verður breytt úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Auk þess er skilgreint nýtt iðnaðarsvæði, um 3 ha, með heimild fyrir 2 - 3 MW rennslisvirkjun í Tungufljóti og við Biskupstungnabraut verður allt að 5 ha svæði fyrir verslun og þjónustu. Skoðuð verður möguleg efnisþörf vegna virkjunar, vegagerðar o.fl. Einnig kemur fram að í deiliskipulagi verða afmarkaðar um 30 - 40 frístundalóðir ásamt vegum og stígum og afmarkað verður svæði fyrir 2 - 3 MW rennslisvirkjun í Tungufljóti sem mun framleiða raforku, m.a. fyrir frístundabyggðina. Verslunar- og þjónustulóðir verða meðfram Biskupstungnabraut og verða afmarkaðar lóðir þar.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að ekki er ljóst hversu stórt votlendið er. Auk þess segir að svæðinu er að finna tæplega 6 ha votlendi skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á náttúrufyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar. Landeigendur telja votlendi vera nær 2,5 ha.

Umhverfisstofnun leggur það til að fenginn verði sérfræðingur í votlendi og/eða grasafræði til að meta stærð votlendisins á skipulagssvæðinu og nágrenni þess.

Að mati Umhverfisstofnunar getur skipulagstillagan valdið raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillöggunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun leggur það til að lóðir og byggingareitir verða afmarkaðir m.t.t. votlendisins og verndun þess og að allar framkvæmdir valdi ekki þurrkáhrifum, en ýmsar framkvæmdir eins og vegagerð geta valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á því og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á aðgerðaráætlun stjórnavalda í loftslagsmálum þar sem eitt að markmiðunum er vernd og endurheimt votlendis.

Stefna sveitarfélagsins varðandi vatnsvernd og náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það þar sem að tillagan getur haft áhrif á vatn og lífríki þess, votlendi, loftslag, og líffræðilega fjölbreytileika að það komi fram í tillöggunni hver sé stefna sveitarfélagsins um vernd og endurheimt þessara þátta. Auk þess er mikilvægt að ofangreind stefna og markmið sé höfð sem viðmið í umhverfismatsskýrslu.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki og hugað sé að mótvægisaðgerðum og endurheimt vistgerða og votlendis.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar Íslands 2022 - 2027¹. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti

heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna er gerð vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórн vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlot, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er að sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðalskipulag sveitarfélagsins sé **í samræmi** við þá stefnumörkun sem kemur fram í vatnaáætlun sbr. 28. gr. laga um stjórн vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Jafnframt vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar. Auk þess er mikilvægt að í umhverfisskýrslu séu settur fram umhverfisþátturinn vatn/vatnshlot, að viðmiðin séu lög um stjórн vatnamála og vatnaáætlun og sett fram matssurningar sem ffallar um áhrif tillögunnar á umhverfismarkmið vatnshlotsins.

Vatnshlotið sem á við hér nefnist Tungufljót 2 og hefur vatnshlotanúmerið 103-616-R. Vistfræðilegu og efnafræðilegt ástandi hefur ekki verið metið samkvæmt vatnavefsjá stjórnar vatnamála². Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að vera í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og eru þau markmið lagalega bindandi.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjunin getur haft áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins en samkvæmt vatnaáætlun má ástand vatnshlotu ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Fjarlæging á efni (set og möl) úr vatnshlotum með tilheyrandi raski getur haft neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Framkvæmdaraðili þarf að meta þau áhrif sem virkjunin mun hafa á vatnshlotið samkvæmt þeim gæðaþáttum og viðmiðunarmörkum sem eru sett fram í vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027. Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórн vatnamála.

Umhverfismatskýrsla

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að, eins og kemur hér fram að ofan, umhverfisþættir í umhverfismati séu vatn, vistgerðir, votlendi, loftslag, ásýnd með

viðeigandi matssurningum. Auk þess þarf að bæta við viðmiðin lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun vegna vatns, Bernarsamninginn varðandi vistgerðir, Aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum varðandi loftslag og 69. gr. náttúruverndarlaga varðandi landslag og ásýnd.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur